


# Foreldrakönnun -niðurstöður

Leikskóladeild Öxarfjarðarskóla – mars 2024


Ég upplifi að leitað sé til mín um hvað sé barninu mínu fyrir bestu

16 responses




# Ég er ánægð/ur með dagleg samskipti við starfsfólk leikskólans

16 responses




## Starfsfólk leikskólans leggur sig fram um að veita sem besta þjónustu

16 responses



## Ég þekki dagskipulag leikskólans


16 responses



11 sem þekkja skipulagið – 4 segja nei og 1 veit ekki

Ég hef kynnt mér námskrá leikskólans.

16 responses




- Já
- Nei
- Veit ekki

13 segja já en 3 nei

## Foreldrasamtöl um líðan og þroska barnsins ættu að fara fram

16 responses



10 segja 2x á ári, 4 segja 1x á ári og 2 segja oftar

# Hvað finnst þér mikilvægast að ræða í foreldraviðtali? Hvað viltu fá út úr því?

- Hvernig barninu mínu líður og hvar það stendur í samskiptum við önnur börn. Hvar það stendur í þroska, skarar það frammúr eða vantar eitthvað einhversstaðar. Hvað getum við gert til að bæta og þroska barnið meira.
- Góða yfirsýn yfir líðan barnsins í leikskólanum, daglegt starf og áheslur. Þá finnst mér einnig mikilvægt að fá góðar upplýsingar um félagsfærni, þar sem er ekki alltaf samræmi milli heimilis og leikskóla.
- Þroski barnsins og líðan. Og hvort barnið mitt sé í réttum hópi, hverjir eru vinir barnsins míns og hvert leitar barnið eftir félagsskap
- Þroska barns, hvað gengur vel, hvað þarf að gera betur og hvort þurfi að fylgjast með einhverju eða hvetja meira til einhvers
- Þroski barns, náms og félagsleg hæfni.
- Félagslega stöðu, þroska og almennt hvernig gengur. Vil líka nota tækifærið til að spyrja spurninga ef einhverjar eru.




- Hegðun barns, færni, framfarir, hvað mætti gera betur
- Hverjir eru styrkleikar/veikleikar barna og hvernig má byggja ofaná og/eða bæta. Eru foreldrar og starfsfólk að vinna með sömu aðferðir.
- Hvernig gengur, hvort kennarar hefur einhverja áhyggjur í þroska barna og félagsfærni.
- Barnið, hvernig því líður og hvernig gengur.
- Ekkert umfram það sem hefur verið
- Hvernig barninu gengur í leikskólanum,
- Svefn og það sem má betur fara og það sem gengur vel.
- Líðan, hegðun, hvernig þau standa sig félagslega
- Hvernig barninu mínu gengur. Hegðun. Ef það er eitthvað heima sem við getum gert til að hjalpa barnið

# Hvað finnst þér um deildaskiptinguna í ár, þ.e. Krílakot, Hálsakot og Vinakot?

- Ég er mjög ánægð með skiptinguna. Börnin eru mun öruggari með sig og glöð
- Hef ekki orðið vör við annað en að mín börn séu sátt.
- Mjög góð
- Engar athugasemdir
- Frábært
- Mjög fínt
- Frábært
- Frábær
- Fint
- Flott.
- Mjög gott fyrirkomulag
- Mjög gott
- Flott mál
- Það hlýtur að vera gott fyrir börn og starfsfólk, liggur í augum uppi.
- Góð.
- Mér finnst það fínt en langa að sá meiri samskipt milli deildar. Bæði fyrir börnin að umgangast önnur börn og starfsfólk.

# Hvernig nálgastu þær upplýsingar sem þú þarft frá leikskólanum?

16 responses




# Hvaða atriði í Karellen nýtirðu þér mest? (myndir, mæting, matseðill, svefn, samskipti)

- Samskipti, myndir
- Myndir, samskipti
- Allt, mætti bæta inn í dagatalið svo það þurfi ekki að fletta upp leikskóladagatalinu í tölvupósti
- Myndir eru eitthvað sem ég fylgist með daglega, jafnvel nokkrum sinnum á dag og kann að meta. Matseðillinn og svefninn skoða ég slitrótt.
- Svefn, samskipti og myndir
- Matseðill, svefn, myndir, skilaboð
- Svefn, samskipti og myndirnar eru frábærar
- Nýti öll atriði oftast daglega
- Allt. Mættu koma fleiri myndir af Krílakoti
- Svefn
- Svefn, myndir og hvernig barnið borðar
- Samskipti og svefn
- Myndir og skilaboð

Ég er ánægð/ur með Karellen.


16 responses



- Mjög ánægð/ur
- Frekar ánægð/ur
- Hvorki né
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

Ég veit af upplýsingum um leikskóladeildina, s.s. handbók foreldra, námskrá, skóladagatal, læsisstefnu o.fl. á heimasíðu Öxarfjarðarskóla


16 responses



- Já
- Nei
- Vissi ekki af þessu


Hversu oft finnst þér að opnir foreldrafundir fyrir leikskólann eigi að vera?

16 responses



# Ég sótti foreldrafundinn sem haldinn var í haust

16 responses



- Já
- Nei




# Ef já, hvað fannst þér um fundinn?

- Góður og gagnlegur. Það mætti alveg hafa t.d. tvo aðeins styttri vor og haust.
- Góður, en síðasta stoppið var of langdregið
- Of langur
- Mjög fróðlegt og skemmtlegt
- Hann var allt í lagi en frekar óánægð með hvernig það var túlkað að hafa lokun leikskólanum yfir páskana óháð hvernig það hentar foreldrar.
- Ágætur.
- Mjög góður
- Gagnlegur

Ég myndi gjarnan vilja fá einhverja fræðslufundi yfir veturinn á vegum skólans um ýmis mál sem tengjast þroska og líðan barna


16 responses



12 segja já en 4 nei

Ég veit hvaða stoðþjónustu/skólaþjónustu sveitarfélagið býður upp á, s.s. Keldan, ráðgjöf, talmeinafræðingar o.fl.

16 responses



Fyrirkomulag um stytting vinnuviku starfsfólks hefur verið til umræðu.

Starfsfólk leikskólans kaus að nýta dagana milli jóla og nýárs og einnig í dymbilviku fyrir styttinguna til að lágmarka manneklu á öðrum tímum sem getur valdið auknu óöryggi og álagi - jafnvel lokun á deildum ef t.d um veikindi starfsfólks er að ræða.

Hver er þín skoðun?

# Svör

- 13 foreldrar svöruðu mjög jákvætt og sáttir með fyrirkomulagið
- Mín vegna hefur það alltaf gengið upp og vandræðalaust. En mér finnst að mörgu leyti óheppilegt og í senn rangt að það lendi á starfsfólk og foreldra að leysa þetta og getur í einhverjum tilfellum orðið til vandræða. Ef ég væri eina manneskjan sem þyrfti nauðsynlega að nýta einhverja daga í kringum jólin eða páska – þá myndi ég leita allra annarra leiða, því annars myndi mér líða eins og ég ein stæði í vegi fyrir að einhver/jir starfsmenn gætu ekki nýtt sér það sem þeir eiga vissulega rétt á. Ábyrgðin á ekki að þurfa að liggja hjá starfsfólki og foreldrum. Eðlilegast væri að sveitarfélagið sem vinnuveitandi myndi varanlega lausn sem tryggir að starfsfólk fái það sem það hefur rétt á sem og að foreldrar geti gengið að ákveðinni þjónustu.

# frh

- Mjög óánægð að það var tekinn þann ákvörðun að loka bæði milli jóla og nýárs og svo um páskana um haustinn. Finnst það vera að skerða þjónustuna að nota stytting vinnuvika á þessi hátt án þess að fólk hefur neitt val.
- Persónulega finnst mér stytting vinnuvikunnar ekki eiga við þegar lokað er á þessum dögum þar sem þessi stytting var gerð upphaflega til að koma til móts við starfsfólk í hverri viku fyrir sig. Leikskólinn er grunnþjónusta sem ætti að vera opin alla virka daga. Þess vegna er ég frekar ósátt við að geta ekki gengið að þjónustu sem eg borga fyrir þegar eg þarf sjálf að mæta til vinnu.
- Það er alveg ómögulegt að loka leikskólanum alveg á venjulegum virkum vinnudegi umfram lögboðna frídaga og starfsdaga starfsfólks. Alveg sama á hvaða tíma árs það er.

# Nefndu 1 – 3 atriði sem þér finnst góð við leikskólann

- Börnin eru glöð og örugg, gott upplýsingaflæði sérstaklega hjá Krílakoti, gott utanumhald
- 1. Alltaf gott og hlýtt viðmót sem mætir börnunum þegar þau koma, stundum faðmur ef þess þarf. 2. Traust og metnaðarfullt starfsfólk. 3. Öruggt og gott umhverfi.
- Forstofan er loksins orðin viðunandi, það finnst rými fyrir börnin að klæða sig í og úr útifötum. Góð samskipti við starfsmenn. Ég upplifi það þannig að það sé betri andi innan starfshópsins.
- Samskipti, alltaf tekið vel á móti börnum, duglegar að taka myndir og setja inn á Karellen
- Deildarskipulag, móttaka barna á morgnanna, föst viðvera kennara á deildum
- Samskipti við starfsfólk, vilji til að koma til móts við þarfir barna og foreldra, ánægð börn.

# frh

- Skiptingin á deildunum, einnig að Hálsakot og Vinakot séu stundum saman, gott starfsfólk
- Flott starfsfólk. Deildaskipting, lítill og persónulegur
- Mikill útivera.
- Starfsfólkið, starfið og maturinn
- Maturinn, starfsfólkið og starfið almennt
- Karellen, starfsfólkið
- Starfsfólk
- Andi, utanumhald og velíðan barna.
- Starfsfólkið Maturinn
- Skemmtilegt dagskrá, samskipti við grunnskóla, frábær samskipti í gengnum Karellen og daglegt spjall við starfsfólk



# Nefndu 1 – 3 atriði sem þér finnst að mættu vera betri

- Betra leiksvæði úti, meira upplýsingaflæði um daglegt starf
- Stærra útisvæði, meiri útitími fyrir yngstu krakkana
- Mætti kannski vera þínu meira samskipti með foreldra hvernig gengur hjá barninu. Yfirleitt er aldrei neitt sagt við okkur foreldrar um hvernig gengur fyrir utan í foreldraviðtalinn sem er nú frekar langt á milli.
- Finnst of oft mannekla.
- Leikskólinn mætti opna korteri fyrr, 7.30(til umhugsunar) og jafnvel opið til 16.15. Það virðist vera að það þyrfti að auka stöðugildi, starfsmaður í afleysingar vegna veikinda og til að mæta styttingu vinnuviku. Stórhætta er á skólalóðinni vegna snjó og klakasofnunar á þakinu a nýjustu viðbyggingunni.
- Set stundum ? við matseðilinn.
- Dettur ekkert í hug
- Stærra útisvæði, meiri flæði á milli deilda- starfsfólk og börn

# Annað sem þú vilt taka fram að lokum?

- Það væri kanski sniðugt að senda bréf í lok vikunnar sem summar upp “þemað” í vikunni, líkt og gert er í grunnskólanum.
- Ég upplifi að börnin mín séu í öruggum höndum yfir daginn, starfsfólk leikskólans virðist hafa einlægan áhuga á velferð þeirra og metnað fyrir starfinu, sem mér finnst ómetanlegt og ekki sjálfgefið. Því er ég heilt yfir afar þakklát fyrir leikskólann eins og hann er.
- Fullt af flottu starfi í gangi

# Frh

- Mætti koma fram meiri upplýsingar um hvernig gekk hjá barninu yfir daginn þrátt fyrir góð samskipti við starfsmenn.
- Mér finnst nýjustu reglur hjá Norðurþingi varðandi 6 tíma vistunar reglu hjá 12-18 mánaða ekki eiga við hér á þessu svæði. s.s í dreifbýli.
- Leikskólalóðin er of lítil mið að við barnafjölda þennan veturinn, auk þess sem hún var minkuð þegar byggt var við síðast.
- Forréttinda staða að búa við leikskóla eins og þennan og á þessum stað.